



Símafrí í Hrafnagilsskóla

Ágúst 2024

Í símafrí felst eftirfarandi:

- Í Hrafnagilsskóla nota nemendur ekki síma á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Þetta á einnig við önnur snjalltæki sem trufla kennslu og einbeitingu (t.d. símaúr/snjallúr).
- Símar og önnur snjalltæki eru ávallt á ábyrgð eigenda sinna.
- Komi nemendur með síma í skólann, þá skulu nemendur í 8. – 10. bekk geyma símana í læstum skápum og nemendur í 5. - 7. bekk geyma símana í körfum hjá kennara. Ef nauðsynlegt er að nemendur í 1. - 4. bekk komi með síma í skólann skulu þeir afhenda þá skólastjórnendum eða ritara.

Undantekningar

- Nemendum sem þurfa á síma að halda vegna heilsufarslegra ástæðna er heimilt að hafa síma á sér, en aðeins til notkunar í þeim tilgangi.
- Símafrí nær ekki til skólaferðalags nemenda við lok 10. bekkjar.

Viðbrögð við notkun síma í leyfisleysi

- Sé reglum um símafrí ekki fylgt eftir fær nemandi áminningu eða samtal og tækifæri til að setja símann á viðeigandi stað.
- Við endurtekin brot upplýsa umsjónarkennarar foreldra og forráðamenn og málið er unnið í samstarfi umsjónarkennara, skólastjórnenda og foreldra.
- Ef nemandi neitar að afhenda síma verða foreldrar eða forráðamenn boðaðir í skólann og funda með skólastjórnendum, umsjónarkennara og nemanda. Það sama gildir um ítrekuð brot á símafrí.

Starfsfólk skólans er fyrirmyndir og notar ekki síma á svæðum nemenda nema í undantekningartilvikum og þá vegna starfsins.